Hagtíðindi
Statistical Series

Þjóðhagsreikningar
National accounts

2008:14 • 15. desember 2008

# Fjármál hins opinbera á 3. ársfjórðungi 2008

## *Quarterly government accounts, 3rd quarter 2008*

*Samantekt*

Á 3. ársfjórðungi 2008 varð tekjuafkoma hins opinbera lakari en nokkru sinni frá því að Hagstofan hóf skýrslugerð af þessu tagi í ársbyrjun 2004. Nam tekjuhalli hins opinbera á þessum ársfjórðungi 15 milljörðum króna samanborið við um 17 milljarða króna tekjuafgang á sama tíma 2007. Sem hlutfall af landsframleiðslu var tekjuhallinn 1,1% og sem hlutfall af tekjum hins opinbera 9,7%. Á fyrstu níu mánuðum ársins varð tekjuafkoma hins opinbera neikvæð um 2,2 milljarða króna, sem samsvarar 0,2% af landsframleiðslu, en á sama tíma 2007 var tekjuafkoman hins vegar jákvæð um rúmlega 51 milljarð króna, eða 4% af landsframleiðslu eins og sjá má á töflu 1.

**Mynd 1. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu**
*Figure 1. General government financial balance as percent of GDP*




Tekjuafkoma ríkissjóðs og almannatrygginga var neikvæð um rúmlega 11 milljarða króna á þriðja ársfjórðungi 2008 samanborið við um 16 milljarða króna jákvæða afkomu árið áður. Á fyrstu 9 mánuðum ársins var tekjuafkoma þessara aðila jákvæð um 3 milljarða króna samanborið við rúmlega 44 milljarða króna á sama tímabili 2007. Tekjuafkoma sveitarfélaganna var einnig neikvæð á 3. ársfjórðungi 2008 eða um 3,9 milljarða króna og því mun lakari en á sama tíma 2007 er hún var jákvæð um 1,4 milljarða króna. Fyrstu níu mánuði 2008 mældist tekjuafkoma sveitarfélaganna neikvæð um 5,2 milljarða króna samanborið við jákvæða afkomu upp á 6,1 milljarð króna á sama tímabili 2007.

Hagstofa Íslands

## Hið opinbera

*Heildartekjur hins opinbera námu 154,5 milljörðum króna á 3. ársfjórðungi og rúmlega 472 milljörðum á fyrstu níu mánuðum ársins*

Heildartekjur hins opinbera, þ.e. ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitarfélaga, eru áætlaðar 154,5 milljarðar króna á 3. ársfjórðungi 2008 samanborið við 156,1 milljarð króna á sama tímabili 2007. Um er að ræða 1% lækkun milli ára. Skatttekjur og tryggingagjöld vega langþyngst og skila hinu opinbera 133 milljörðum króna sem er svipuð fjárhæð og á sama ársfjórðungi 2007 eins og sjá má í töflu 5. Fyrstu 9 mánuði ársins 2007 námu tekjur hins opinbera rúmlega 472 milljörðum króna samanborið við 463 milljarða króna á sama tíma 2007 og er hækkunin milli ára 2,0%.

**Mynd 2. Tekjur og útgjöld hins opinbera á verðlagi hvers árs**
*Figure 2. General government income and expenditure at current prices*




*… útgjöldin urðu hins vegar 169,5 milljarðar króna á 3. ársfjórðungi og ríflega 474 milljarðar króna á fyrstu níu mánuðum ársins*

Á þriðja ársfjórðungi 2008 benda áætlanir til þess að heildarútgjöld hins opinbera verði 169,5 milljarðar króna, samanborið við 139,2 milljarða króna árið 2007 og er hækkunin 21,8% milli ára. Stærstu útgjaldaliðirnir eru laun sem áætluð eru 54,3 milljarðar króna, kaup á vöru og þjónustu 40,5 milljarðar króna og félagslegar tilfærslur til heimila 28,4 milljarðar króna. Þá er áætlað að vaxtagjöld hins opinbera verði 10,3 milljarðar króna á þessum þriðja ársfjórðungi 2008 og opinber fjárfesting 19 milljarðar króna. Heildarútgjöld hins opinbera fyrstu níu mánuði ársins 2008 námu ríflega 474 milljörðum króna og hækkuðu um 15,2% frá sama tíma 2007. Fjárfesting hins opinbera hækkaði um 21,5% milli þessara tímabila.

*Tekjuhalli hins opinbera var 15 milljarðar króna á 3. ársfjórðungi 2008 og 2,2 milljarðar króna á fyrstu níu mánuðum ársins*

Tekjuafkoma hins opinbera reyndist neikvæð um 15 milljarða króna á 3. ársfjórðungi 2008 eða sem nemur -1,1% af landsframleiðslu og -9,7% af tekjum. Þetta má bera saman við um 17 milljarða króna jákvæða afkomu á sama tíma 2007. Fyrstu níu mánuði 2008 varð tekjuafkoma hins opinbera neikvæð um 2,2 milljarða króna eða sem svarar 0,2% af landsframleiðslu. Á sama tíma 2007 var tekjuafgangurinn hins vegar ríflega 51 milljarður króna, eða 4% af landsframleiðslu (sjá töflu 1).

**Tafla 1. Fjárhagur hins opinbera á 3. fjórðungi 2007 og 2008**
*Table 1. General government finances in 3rd quarter 2007 and 2008*

| Fjárhæðir í milljörðum króna<br>*Figures in billion ISK* | 2007<br>3. ársfj.<br>*3rd quart.* | 2008<br>3. ársfj.<br>*3rd quart.* | Breyting<br>%<br>*Change %* | 2007<br>1.–3. ársfj.<br>*1–3 quart.* | 2008<br>1.–3. ársfj.<br>*1–3 quart.* | Breyting<br>%<br>*Change %* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Heildartekjur | | | | | | |
| *Total revenue* | 156,1 | 154,5 | -1,0 | 463,0 | 472,2 | 2,0 |
| 2. Heildarútgjöld | | | | | | |
| *Total expenditure* | 139,2 | 169,5 | 21,8 | 411,8 | 474,3 | 15,2 |
| 2.1 Fjárfesting *Investment* | 16,0 | 19,0 | 18,9 | 42,3 | 51,4 | 21,5 |
| 3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) | | | | | | |
| *Financial bal. (3 = 1 - 2)* | 16,9 | -15,0 | • | 51,2 | -2,2 | • |
| 4. Tekjujöfnuður % af tekjum | | | | | | |
| *Financial balance,* | | | | | | |
| *% of total revenue* | 10,8 | -9,7 | • | 11,1 | -0,5 | • |
| 5. Tekjujöfnuður % af VLF | | | | | | |
| *Financial bal. % of GDP* | 1,3 | -1,1 | • | 4,0 | -0,2 | • |

## Ríkissjóður

*Tekjuhalli ríkissjóðs er um 14 milljarðar króna á 3. ársfjórðungi, eða 1% af vergri landsframleiðslu*

Bráðabirgðatölur benda til þess að heildartekjur ríkissjóðs hafi verið 113,7 milljarðar króna á 3. ársfjórðungi 2008 og heildarútgjöld 127,4 milljarðar króna. Tekjujöfnuður ríkissjóðs er því neikvæður um 13,7 milljarða króna á þeim ársfjórðungi, eða sem nemur 1% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Samkvæmt þessu hafa tekjur ríkissjóðs lækkað um 0,8% frá sama tíma 2007 en útgjöldin aftur á móti hækkað um ríflega 25%. Tekjujöfnuðurinn er því verulega óhagstæður eða um 13,7% en hafði verið hagstæður um álíka hlutfallstölu á þriðja ársfjórðungi 2007. Á tekjuhliðinni standa skatttekjur nánast í stað milli ára í krónum talið, en á gjaldahlið hækkar fjárfesting verulega og sömuleiðis félagslegar tilfærslur til heimilanna.

**Tafla 2. Fjárhagur ríkissjóðs á 3. ársfjórðungi 2007 og 2008**
*Table 2. Central government finances in 3rd quarter 2007 and 2008*

| Fjárhæðir í milljörðum króna<br>*Figures in billion ISK* | 2007<br>3. ársfj.<br>*3rd quart.* | 2008<br>3. ársfj.<br>*3rd quart.* | Breyting<br>%<br>*Change %* | 2007<br>1.–3. ársfj.<br>*1–3 quart.* | 2008<br>1.–3. ársfj.<br>*1–3 quart.* | Breyting<br>%<br>*Change %* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Heildartekjur | | | | | | |
| *Total revenue* | 114,6 | 113,7 | -0,8 | 335,9 | 342,7 | 2,0 |
| 2. Heildarútgjöld | | | | | | |
| *Total expenditure* | 101,6 | 127,4 | 25,3 | 297,8 | 346,5 | 16,4 |
| 2.1 Fjárfesting *Investment* | 6,9 | 10,7 | 54,6 | 17,1 | 26,2 | 53,3 |
| 3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) | | | | | | |
| *Financial bal. (3 = 1 - 2)* | 13,0 | -13,7 | • | 38,1 | -3,9 | • |
| 4. Tekjujöfnuður % af tekjum | | | | | | |
| *Financial balance* | | | | | | |
| *% of total revenue* | 11,3 | -12,1 | • | 11,4 | -1,1 | • |
| 5. Tekjujöfnuður % af VLF | | | | | | |
| *Financial bal. % of GDP* | 1,0 | -1,0 | • | 2,9 | -0,3 | • |

Skattar og tryggingagjöld skiluðu ríkissjóði 101,5 milljörðum króna, eða ríflega 89% tekna hans. Þar af skiluðu skattar á vöru og þjónustu 49 milljörðum króna, skattar á tekjur og hagnað um 36 milljörðum króna og tryggingagjöldin 10,8

milljörðum króna. Á gjaldahlið ríkissjóðs eru fjárframlög til almannatrygginga og sveitarfélaga umfangsmesti útgjaldaliðurinn en þau námu 38,7 milljörðum króna á þriðja ársfjórðungi 2008. Launaútgjöld ríkissjóðs námu rúmlega 30 milljörðum króna og kaup á vöru og þjónustu 22 milljörðum króna.

Tekjur ríkissjóðs fyrstu níu mánuði ársins 2008 námu 342,7 milljörðum króna samanborið við 335,9 milljarða króna á sama tíma 2007 og er hækkunin 2,0% milli ára. Útgjöldin hækkuðu hins vegar um 16,4% á sama tíma en þau námu 346,5 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2008. Tekjuafkoma var því neikvæð á þessu níu mánaða tímabili, eða 3,9 milljarðar króna samanborið við rúmlega 38 milljarða króna tekjuafgang 2007.

## Sveitarfélög

*Tekjuafkoma sveitarfélaga var neikvæð um 3,9 milljarða króna á 3. ársfjórðungi*

Heildartekjur sveitarfélaganna á 3. ársfjórðungi 2008 eru áætlaðar 45,9 milljarðar króna og heildarútgjöld 49,8 milljarðar króna. Tekjuhalli þess ársfjórðungs er því áætlaður um 3,9 milljarðar króna, eða sem nemur 0,3% af landsframleiðslu. Þetta er verulega óhagstæðari niðurstaða en á sama tíma 2007 þegar tekjuafkoman var jákvæð um 1,4 milljarða króna. Tekjur sveitarfélaga hafa hækkað um 0,8% frá sama tíma í fyrra og útgjöldin um 12,7%. Endurgreiðslur vegna gatnagerðargjalda og sölu byggingarréttar hafa aukist verulega á árinu. Við uppgjör sveitarfélaga koma þær að hluta til frádráttar tekjum ársins og að hluta sem fjármagnstilfærsla til húsbyggjenda.[1]

**Tafla 3. Fjárhagur sveitarfélaga á 3. ársfjórðungi 2007 og 2008**
*Table 3. Local government finances in 3rd quarter 2007 and 2008*

| Fjárhæðir í milljörðum króna<br>*Figures in billion ISK* | 2007<br>3. ársfj.<br>*3rd quart.* | 2008<br>3. ársfj.<br>*3rd quart.* | Breyting<br>%<br>*Change %* | 2007<br>1.–3. ársfj.<br>*1–3 quart.* | 2008<br>1.–3. ársfj.<br>*1–3 quart.* | Breyting<br>%<br>*Change %* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Heildartekjur<br>*Total revenue* | 45,6 | 45,9 | 0,8 | 138,7 | 143,9 | 3,7 |
| 2. Heildarútgjöld<br>*Total expenditure* | 44,2 | 49,8 | 12,7 | 132,6 | 149,1 | 12,5 |
| 2.1 Fjárfesting *Investment* | 9,0 | 8,3 | -8,4 | 25,2 | 25,1 | -0,1 |
| 3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2)<br>*Financial bal. (3 = 1 - 2)* | 1,4 | -3,9 | • | 6,1 | -5,2 | • |
| 4. Tekjujöfnuður % af tekjum<br>*Financial balance % of total revenue* | 3,0 | -8,4 | • | 4,4 | -3,6 | • |
| 5. Tekjujöfnuður % af VLF<br>*Financial bal. % of GDP* | 0,1 | -0,3 | • | 0,5 | -0,4 | • |

Útsvarstekjur skiluðu sveitarfélögunum rúmlega 25 milljörðum króna á þriðja ársfjórðungi 2008, eða um 55% tekna þeirra. Aðrir skattar skiluðu 6,3 milljörðum króna, fjárframlög frá ríkissjóði 5,4 milljörðum og aðrar tekjur 9 milljörðum króna. Launagreiðslur eru stærsti útgjaldaliður sveitarfélaganna, eða ríflega 41% útgjaldanna, en 20,5 milljarðar króna voru greiddar í laun á þriðja ársfjórðungi 2008. Kaup á vöru og þjónustu námu 12,6 milljörðum króna og fjárfesting 8,3 milljörðum króna.

[1] Þegar ýtarlegri upplýsingar liggja fyrir um framkvæmd endurgreiðslnanna verða þessar niðurstöður endurmetnar.

Tekjur sveitarfélaga fyrstu níu mánuði ársins námu um 144 milljörðum króna samanborið við 138,7 milljarða króna 2007 og er hækkunin 3,7% milli ára. Útgjöldin hækkuðu hins vegar mun meira, eða um 12,5%, og námu rúmlega 149 milljörðum króna. Tekjuafkoman var því mun óhagstæðari á þessu tímabili en árið á undan, en tekjuhallinn nemur 5,2 milljörðum króna, eða 0,4% af landsframleiðslu

## Gagna- og aðferðalýsing

*Fjármál hins opinbera og undirgeira þess eru sett fram á rekstrargrunni*

Áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs byggjast á gögnum frá Fjársýslu ríkisins. Reynt er að meta tekjur og gjöld á rekstrargrunni í samræmi við uppgjör þjóðhagsreikninga, ekki á greiðslugrunni eins og mánaðarhefti ríkissjóðs sýna. Rekstrargrunnur felur í sér að skuldbindingar eru færðar til tekna eða gjalda þegar til þeirra er stofnað óháð því hvenær greiðslur fara fram. Við mat á fjármálum sveitarfélaganna er byggt á úrtaki stærstu sveitarfélaga landsins, sem nær til um tveggja þriðju hluta íbúafjöldans, og er það uppfært til heildar. Tölur um fjárfestingu sveitarfélaganna eru háðar nokkurri óvissu og er því að hluta byggt á fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna fyrir árið ásamt ársfjórðungstölum úrtaksins.

Hagstofan leggur hér megináherslu á tekjuafkomuna við mat á afkomu hins opinbera. En annar mælikvarði er einnig notaður, en það er rekstrarafkoma. Munurinn á rekstrarjöfnuði og tekjujöfnuði er sá að rekstrarjöfnuður sýnir niðurstöðu rekstrarreiknings eftir að afskriftir hafa verið gjaldfærðar en tekjujöfnuður sýnir niðurstöðuna eftir að fjárfesting hefur verið dregin frá rekstrarjöfnuði, en þá eru afskriftir ekki gjaldfærðar. Munur þessara tveggja mælikvarða felst því í muninum á afskriftum og fjárfestingu. Ef fjárfestingin er hærri en afskriftir verður tekjujöfnuðurinn lakari en rekstrarjöfnuðurinn, eða sem nemur þeim mun.

## English summary

In the 3rd quarter of 2008, the financial balance of the general government (i.e. the central government, the social security funds and the local governments) amounted to 15 billion ISK in deficit or 1.1% of GDP and 9.7% of general government total revenue. This can be compared with a surplus of 1.3% of GDP and 10.8% of general government total revenue in the 3rd quarter of 2007. In the first nine months of 2008, the financial balance of the general government was 2.2 billion ISK in deficit or 0.2% of GDP, which can be compared with a surplus of 4% of GDP for the same period in 2007 (see Figure 1).

The financial balance of the central government and the social security funds was in deficit by 11 billion ISK in the 3rd quarter of 2008 but in surplus by 3 billion ISK for the first nine months of the year. This can be compared with a surplus of 16 billion ISK in the 3rd quarter of 2007 and 44 billion ISK in surplus for the first nine months of 2007. The financial balance of the local governments was in deficit by 3.9 billion ISK in the 3rd quarter of 2008 and by 5.2 billion ISK for the first nine months of 2008 (see table 3).

The revenue and expenditure figures for the general government and its sub-sectors are presented on an accrual basis and in line with national accounts principles whereas the monthly figures on central government published by the Government Financial Authority are on cash basis. Accrual basis means that flows are recorded when they are established regardless of when the actual payments are made. The data presented here, both for the central and local governments, are preliminary.

**Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2005–2008**
*Table 4. Quarterly Government Finances 2005–2008*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna<br>*Billion ISK at current prices* | Heildartekjur<br>*Total revenue*<br>*(1)* | Heildar-útgjöld<br>*Total expenditure*<br>*(2)* | – þar af fjárfesting<br>*– thereof investment*<br>*(2.1)* | Tekju-jöfnuður<br>*Financial balance*<br>*(3=1-2)* | Tekjujöfnuður, hlutfall af heildartekjum<br>*Financial balance % of total revenue* | Tekju-jöfnuður, hlutfall af VLF<br>*Financial balance % of GDP* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hið opinbera** ***The General Government*** | | | | | | |
| **2005** | **483,6** | **433,3** | **31,8** | **50,2** | **10,4** | **4,9** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 114,0 | 102,9 | 6,1 | 11,1 | 9,7 | 1,1 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 117,4 | 111,2 | 8,9 | 6,1 | 5,2 | 0,6 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 124,2 | 109,5 | 10,5 | 14,7 | 11,8 | 1,4 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 128,0 | 109,7 | 6,3 | 18,3 | 14,3 | 1,8 |
| **2006** | **560,5** | **486,6** | **45,6** | **73,9** | **13,2** | **6,4** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 134,4 | 115,5 | 9,3 | 18,9 | 14,1 | 1,6 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 137,3 | 123,3 | 12,7 | 13,9 | 10,2 | 1,2 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 140,4 | 123,1 | 13,2 | 17,3 | 12,3 | 1,5 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 148,5 | 124,8 | 10,3 | 23,7 | 15,9 | 2,0 |
| **2007** | **623,8** | **553,1** | **54,7** | **70,6** | **11,3** | **5,5** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 153,6 | 131,1 | 11,1 | 22,5 | 14,6 | 1,7 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 153,3 | 141,5 | 15,3 | 11,8 | 7,7 | 0,9 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 156,1 | 139,2 | 16,0 | 16,9 | 10,8 | 1,3 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 160,9 | 141,3 | 12,4 | 19,6 | 12,2 | 1,5 |
| **2008** | • | • | • | • | • | • |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 161,8 | 145,4 | 12,8 | 16,4 | 10,1 | 1,2 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 155,8 | 159,4 | 19,7 | -3,6 | -2,3 | -0,3 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 154,5 | 169,5 | 19,0 | -15,0 | -9,7 | -1,1 |
| **Ríkissjóður** ***The Central Government*** | | | | | | |
| **2005** | **363,6** | **318,0** | **13,2** | **45,6** | **12,5** | **4,5** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 83,8 | 75,3 | 2,4 | 8,6 | 10,2 | 0,8 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 87,5 | 81,1 | 3,3 | 6,5 | 7,4 | 0,6 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 94,8 | 80,8 | 4,9 | 14,0 | 14,8 | 1,4 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 97,4 | 80,9 | 2,6 | 16,5 | 17,0 | 1,6 |
| **2006** | **412,8** | **350,8** | **15,6** | **62,0** | **15,0** | **5,3** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 97,6 | 83,0 | 2,7 | 14,6 | 15,0 | 1,3 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 100,1 | 86,2 | 4,3 | 14,0 | 13,9 | 1,2 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 103,9 | 90,0 | 4,8 | 13,9 | 13,4 | 1,2 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 111,2 | 91,7 | 3,7 | 19,5 | 17,6 | 1,7 |
| **2007** | **454,6** | **403,2** | **22,4** | **51,4** | **11,3** | **4,0** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 111,5 | 95,1 | 3,9 | 16,5 | 14,8 | 1,3 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 109,7 | 101,0 | 6,2 | 8,7 | 7,9 | 0,7 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 114,6 | 101,6 | 6,9 | 13,0 | 11,3 | 1,0 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 118,7 | 105,4 | 5,3 | 13,2 | 11,2 | 1,0 |
| **2008** | • | • | • | • | • | • |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 117,1 | 104,2 | 4,8 | 12,9 | 11,1 | 1,0 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 111,9 | 115,0 | 10,8 | -3,1 | -2,8 | -0,2 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 113,7 | 127,4 | 10,7 | -13,7 | -12,1 | -1,0 |

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2005–2008 (frh.)
*Table 4. Quarterly Government Finances 2005–2008 (cont.)*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna<br>*Billion ISK at current prices* | Heildartekjur<br>*Total revenue*<br>*(1)* | Heildar-útgjöld<br>*Total expenditure*<br>*(2)* | – þar af fjárfesting<br>*– thereof investment*<br>*(2.1)* | Tekju-jöfnuður<br>*Financial balance*<br>*(3=1-2)* | Tekjujöfnuður, hlutfall af heildartekjum<br>*Financial balance % of total revenue* | Tekju-jöfnuður, hlutfall af VLF<br>*Financial balance % of GDP* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Sveitarfélög** ***The Local Governments*** | | | | | | |
| **2005** | **130,7** | **129,7** | **18,5** | **1,0** | **0,8** | **0,1** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 32,7 | 30,9 | 3,7 | 1,9 | 5,7 | 0,2 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 32,5 | 33,5 | 5,5 | -1,1 | -3,3 | -0,1 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 32,0 | 32,5 | 5,5 | -0,4 | -1,4 | 0,0 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 33,4 | 32,8 | 3,7 | 0,7 | 2,0 | 0,1 |
| **2006** | **161,2** | **157,4** | **30,0** | **3,8** | **2,3** | **0,3** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 40,0 | 37,6 | 6,6 | 2,5 | 6,1 | 0,2 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 40,1 | 40,8 | 8,4 | -0,6 | -1,6 | -0,1 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 40,0 | 39,3 | 8,4 | 0,7 | 1,8 | 0,1 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 41,0 | 39,7 | 6,6 | 1,2 | 3,0 | 0,1 |
| **2007** | **185,3** | **177,3** | **32,3** | **8,0** | **4,3** | **0,6** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 45,9 | 42,7 | 7,1 | 3,2 | 7,0 | 0,3 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 47,2 | 45,7 | 9,0 | 1,6 | 3,3 | 0,1 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 45,6 | 44,2 | 9,0 | 1,4 | 3,0 | 0,1 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 46,6 | 44,7 | 7,1 | 1,8 | 3,9 | 0,1 |
| **2008** | • | • | • | • | • | • |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 49,5 | 47,7 | 8,0 | 1,8 | 3,6 | 0,1 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 48,5 | 51,6 | 8,9 | -3,1 | -6,4 | -0,2 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 45,9 | 49,8 | 8,3 | -3,9 | -8,4 | -0,3 |
| **Almannatryggingar** ***The Social Security Funds*** | | | | | | |
| **2005** | **81,2** | **77,6** | **0,1** | **3,6** | **4,4** | **0,4** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 19,8 | 19,1 | 0,0 | 0,7 | 3,3 | 0,1 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 20,7 | 20,0 | 0,0 | 0,7 | 3,6 | 0,1 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 20,4 | 19,2 | 0,1 | 1,1 | 5,6 | 0,1 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 20,4 | 19,3 | 0,0 | 1,1 | 5,2 | 0,1 |
| **2006** | **90,8** | **82,7** | **0,0** | **8,1** | **8,9** | **0,7** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 22,3 | 20,5 | 0,0 | 1,9 | 8,4 | 0,2 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 21,3 | 20,7 | 0,0 | 0,6 | 2,8 | 0,1 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 23,3 | 20,6 | 0,0 | 2,7 | 11,7 | 0,2 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 23,8 | 20,9 | 0,0 | 2,9 | 12,2 | 0,2 |
| **2007** | **103,3** | **92,0** | **0,1** | **11,3** | **11,0** | **0,9** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 24,7 | 22,9 | 0,0 | 1,8 | 7,1 | 0,1 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 24,7 | 23,2 | 0,0 | 1,5 | 6,0 | 0,1 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 25,8 | 23,1 | 0,0 | 2,8 | 10,7 | 0,2 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 28,1 | 23,5 | 0,0 | 4,7 | 16,6 | 0,4 |
| **2008** | • | • | • | • | • | • |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 25,6 | 24,0 | 0,0 | 1,6 | 6,3 | 0,1 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 28,8 | 26,2 | 0,0 | 2,6 | 9,2 | 0,2 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 33,9 | 31,2 | 0,0 | 2,6 | 7,8 | 0,2 |

**Tafla 5. Tekjur og gjöld hins opinbera eftir ársfjórðungum 2007–2008**
*Table 5. Quarterly General Government Revenue and Expenditure 2007–2008*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna<br>*Billion ISK at current prices* | 2007<br>Alls<br>*Total* | 2007<br>Ársfjórðungar *Quarters*<br>I | 2007<br><br>II | 2007<br><br>III | 2007<br><br>IV | 2008<br><br>I | 2008<br><br>II | 2008<br><br>III |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1 Heildartekjur *Total revenue*** | **623,8** | **153,6** | **153,3** | **156,1** | **160,9** | **161,8** | **155,8** | **154,5** |
| 11 Skatttekjur *Taxes* | 489,4 | 120,4 | 119,5 | 123,5 | 126,0 | 129,0 | 122,6 | 122,2 |
| 111 Skattar á tekjur *Taxes on revenue* | 241,4 | 62,2 | 61,1 | 56,0 | 62,1 | 67,7 | 67,8 | 61,1 |
| 112 Skattar á laun *Taxes on payroll* | 0,4 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 |
| 113 Eignarskattar *Property taxes* | 30,9 | 7,5 | 7,6 | 7,7 | 8,0 | 8,4 | 8,0 | 8,0 |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu *Taxes on goods and services* | 209,5 | 48,9 | 49,5 | 57,0 | 54,2 | 50,4 | 44,9 | 49,3 |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti *Taxes on international trade* | 5,4 | 1,4 | 0,9 | 1,9 | 1,1 | 1,9 | 1,1 | 1,8 |
| 116 Aðrir skattar *Other taxes* | 1,8 | 0,3 | 0,3 | 0,8 | 0,4 | 0,6 | 0,8 | 1,9 |
| 12 Tryggingagjöld *Social contributions* | 40,7 | 10,4 | 10,4 | 9,8 | 10,1 | 10,7 | 10,6 | 10,8 |
| 13 Fjárframlög *Grants* | 1,1 | 0,2 | 0,2 | 0,3 | 0,6 | 0,2 | 0,2 | 0,3 |
| 14 Aðrar tekjur *Other revenue* | 92,6 | 22,7 | 23,2 | 22,5 | 24,3 | 22,0 | 22,4 | 21,3 |
| **2 Heildarútgjöld *Total expenditure*** | **553,1** | **131,1** | **141,5** | **139,2** | **141,3** | **145,4** | **159,4** | **169,5** |
| 21 Laun *Wages* | 193,6 | 46,5 | 49,6 | 47,4 | 50,1 | 50,5 | 54,0 | 54,3 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu *Use of goods and services* | 141,4 | 32,5 | 36,9 | 34,2 | 37,8 | 37,1 | 39,2 | 40,5 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 22,8 | 5,7 | 5,7 | 5,7 | 5,7 | 6,6 | 6,6 | 6,6 |
| 24 Vaxtagjöld *Interest* | 33,9 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 9,0 | 9,5 | 10,3 |
| 25 Framleiðslustyrkir *Subsidies* | 23,3 | 6,4 | 5,2 | 5,8 | 5,9 | 7,3 | 6,4 | 6,2 |
| 26 Fjárframlög *Grants* | 2,4 | 0,5 | 0,7 | 0,5 | 0,7 | 0,5 | 0,8 | 0,0 |
| 27 Félaglegar tilfærslur til heimila *Social benefits* | 75,4 | 18,8 | 18,5 | 19,6 | 18,4 | 20,8 | 21,9 | 28,4 |
| 28 Önnur útgjöld *Other expenditure* | 28,4 | 6,9 | 6,8 | 7,1 | 7,5 | 7,5 | 8,0 | 10,8 |
| 31 Fjárfesting *Net acquisition of nonfinancial assets* | 54,7 | 11,1 | 15,3 | 16,0 | 12,4 | 12,8 | 19,7 | 19,0 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | -22,8 | -5,7 | -5,7 | -5,7 | -5,7 | -6,6 | -6,6 | -6,6 |
| **Tekjujöfnuður (1-2) *Net lending / borrowing (NLB)*** | **70,6** | **22,5** | **11,8** | **16,9** | **19,6** | **16,4** | **-3,6** | **-15,0** |
| **Tekjujöfnuður % af tekjum *NLB % of total revenue*** | **11,3** | **14,6** | **7,7** | **10,8** | **12,2** | **10,1** | **-2,3** | **-9,7** |
| **Tekjujöfnuður % af VLF *NLB % of GDP*** | **5,5** | **1,7** | **0,9** | **1,3** | **1,5** | **1,2** | **-0,3** | **-1,1** |
| **Heildartekjur % af VLF *Total revenue % of GDP*** | **48,2** | **11,9** | **11,9** | **12,1** | **12,4** | **11,9** | **11,4** | **11,3** |
| **Heildargjöld % af VLF *Total expenditure % of GDP*** | **42,8** | **10,1** | **10,9** | **10,8** | **10,9** | **10,7** | **11,7** | **12,4** |

## Tafla 6. Tekjur og gjöld ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2007–2008

*Table 6. Quarterly Central Government Revenue and Expenditure 2007–2008*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna | 2007 | | | | | 2008 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Billion ISK at current prices* | Alls | Ársfjórðungar *Quarters* | | | | | | |
| | *Total* | I | II | III | IV | I | II | III |
| **1 Heildartekjur *Total revenue*** | **454,6** | **111,5** | **109,7** | **114,6** | **118,7** | **117,1** | **111,9** | **113,7** |
| 11 Skatttekjur *Taxes* | 356,3 | 87,6 | 85,2 | 90,6 | 92,9 | 94,5 | 89,0 | 90,7 |
| 111 Skattar á tekjur *Taxes on revenue* | 143,4 | 37,4 | 36,3 | 32,6 | 37,0 | 41,1 | 41,2 | 35,9 |
| 112 Skattar á laun *Taxes on payroll* | 0,4 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 |
| 113 Eignarskattar *Property taxes* | 10,3 | 2,4 | 2,4 | 2,6 | 2,9 | 2,3 | 2,0 | 1,9 |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu *Taxes on goods and services* | 195,0 | 46,0 | 45,2 | 52,6 | 51,3 | 48,6 | 43,9 | 49,1 |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti *Taxes on international trade* | 5,4 | 1,4 | 0,9 | 1,9 | 1,1 | 1,9 | 1,1 | 1,8 |
| 116 Aðrir skattar *Other taxes* | 1,7 | 0,3 | 0,3 | 0,8 | 0,4 | 0,6 | 0,8 | 1,9 |
| 12 Tryggingagjöld *Social contributions* | 40,7 | 10,4 | 10,4 | 9,8 | 10,1 | 10,7 | 10,6 | 10,8 |
| 13 Fjárframlög *Grants* | 1,8 | 0,3 | 0,3 | 0,4 | 0,8 | 0,3 | 0,3 | 0,4 |
| 14 Aðrar tekjur *Other revenue* | 55,8 | 13,3 | 13,8 | 13,8 | 14,9 | 11,6 | 12,0 | 11,7 |
| **2 Heildarútgjöld *Total expenditure*** | **403,2** | **95,1** | **101,0** | **101,6** | **105,4** | **104,2** | **115,0** | **127,4** |
| 21 Laun *Wages* | 106,0 | 25,3 | 27,5 | 25,9 | 27,4 | 27,1 | 29,3 | 30,1 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu *Use of goods and services* | 71,8 | 15,8 | 18,9 | 17,7 | 19,4 | 18,4 | 19,4 | 22,0 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 16,7 | 4,2 | 4,2 | 4,2 | 4,2 | 4,8 | 4,8 | 4,8 |
| 24 Vaxtagjöld *Interest* | 27,9 | 7,0 | 7,0 | 7,0 | 7,0 | 7,3 | 7,7 | 8,5 |
| 25 Framleiðslustyrkir *Subsidies* | 19,7 | 5,5 | 4,3 | 4,9 | 5,0 | 6,3 | 5,4 | 5,2 |
| 26 Fjárframlög *Grants* | 120,9 | 28,9 | 28,8 | 30,2 | 33,0 | 30,7 | 33,9 | 38,7 |
| 27 Félaglegar tilfærslur til heimila *Social benefits* | 13,9 | 3,8 | 3,4 | 3,8 | 2,9 | 4,2 | 3,9 | 5,4 |
| 28 Önnur útgjöld *Other expenditure* | 20,6 | 4,9 | 4,9 | 5,2 | 5,6 | 5,4 | 4,6 | 6,7 |
| 31 Fjárfesting *Net acquisition of nonfinancial assets* | 22,4 | 3,9 | 6,2 | 6,9 | 5,3 | 4,8 | 10,8 | 10,7 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | -16,7 | -4,2 | -4,2 | -4,2 | -4,2 | -4,8 | -4,8 | -4,8 |
| **Tekjujöfnuður (1-2) *Net lending / borrowing (NLB)*** | **51,4** | **16,5** | **8,7** | **13,0** | **13,2** | **12,9** | **-3,1** | **-13,7** |
| **Tekjujöfnuður % af tekjum *NLB % of total revenue*** | **11,3** | **14,8** | **7,9** | **11,3** | **11,2** | **11,1** | **-2,8** | **-12,1** |
| **Tekjujöfnuður % af VLF *NLB % of GDP*** | **4,0** | **1,3** | **0,7** | **1,0** | **1,0** | **1,0** | **-0,2** | **-1,0** |
| **Heildartekjur % af VLF Total revenue % of GDP** | **35,2** | **8,6** | **8,5** | **8,9** | **9,2** | **8,6** | **8,2** | **8,3** |
| **Heildargjöld % af VLF Total expenditure % of GDP** | **31,2** | **7,4** | **7,8** | **7,9** | **8,2** | **7,6** | **8,4** | **9,3** |

**Tafla 7. Tekjur og gjöld sveitarfélaga eftir ársfjórðungum 2007–2008**
*Table 7. Quarterly Local Government Revenue and Expenditure 2007–2008*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna / *Billion ISK at current prices* | 2007 Alls *Total* | 2007 I | 2007 II | 2007 III | 2007 IV | 2008 I | 2008 II | 2008 III |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1 Heildartekjur *Total revenue*** | **185,3** | **45,9** | **47,2** | **45,6** | **46,6** | **49,5** | **48,5** | **45,9** |
| 11 Skatttekjur *Taxes* | 133,1 | 32,8 | 34,3 | 32,9 | 33,1 | 34,5 | 33,7 | 31,5 |
| 111 Skattar á tekjur *Taxes on revenue* | 98,0 | 24,7 | 24,8 | 23,4 | 25,1 | 26,6 | 26,6 | 25,1 |
| 112 Skattar á laun *Taxes on payroll* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 113 Eignarskattar *Property taxes* | 20,6 | 5,1 | 5,1 | 5,1 | 5,1 | 6,1 | 6,1 | 6,1 |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu *Taxes on goods and services* | 14,5 | 2,9 | 4,4 | 4,4 | 2,9 | 1,8 | 1,0 | 0,2 |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti *Taxes on international trade* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 116 Aðrir skattar *Other taxes* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 12 Tryggingagjöld *Social contributions* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 13 Fjárframlög *Grants* | 17,4 | 4,3 | 4,1 | 4,5 | 4,6 | 5,2 | 5,0 | 5,4 |
| 14 Aðrar tekjur *Other revenue* | 34,7 | 8,8 | 8,8 | 8,2 | 8,8 | 9,8 | 9,8 | 9,0 |
| **2 Heildarútgjöld *Total expenditure*** | **177,3** | **42,7** | **45,7** | **44,2** | **44,7** | **47,7** | **51,6** | **49,8** |
| 21 Laun *Wages* | 74,1 | 18,0 | 18,6 | 18,3 | 19,3 | 19,8 | 21,1 | 20,5 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu *Use of goods and services* | 47,7 | 11,8 | 12,2 | 11,1 | 12,6 | 13,4 | 13,8 | 12,6 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 6,2 | 1,5 | 1,5 | 1,5 | 1,5 | 1,8 | 1,8 | 1,8 |
| 24 Vaxtagjöld *Interest* | 6,1 | 1,5 | 1,5 | 1,5 | 1,5 | 1,7 | 1,7 | 1,7 |
| 25 Framleiðslustyrkir *Subsidies* | 3,4 | 0,8 | 0,8 | 0,8 | 0,8 | 0,9 | 0,9 | 0,9 |
| 26 Fjárframlög *Grants* | 0,7 | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,2 |
| 27 Félaglegar tilfærslur til heimila *Social benefits* | 5,6 | 1,4 | 1,4 | 1,4 | 1,4 | 1,6 | 1,6 | 1,6 |
| 28 Önnur útgjöld *Other expenditure* | 7,5 | 1,9 | 1,9 | 1,9 | 1,9 | 2,1 | 3,3 | 4,0 |
| 31 Fjárfesting *Net acquisition of nonfinancial assets* | 32,3 | 7,1 | 9,0 | 9,0 | 7,1 | 8,0 | 8,9 | 8,3 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | -6,2 | -1,5 | -1,5 | -1,5 | -1,5 | -1,8 | -1,8 | -1,8 |
| **Tekjujöfnuður (1-2) *Net lending / borrowing (NLB)*** | **8,0** | **3,2** | **1,6** | **1,4** | **1,8** | **1,8** | **-3,1** | **-3,9** |
| **Tekjujöfnuður % af tekjum *NLB % of total revenue*** | **4,3** | **7,0** | **3,3** | **3,0** | **3,9** | **3,6** | **-6,4** | **-8,4** |
| **Tekjujöfnuður % af VLF *NLB % of GDP*** | **0,6** | **0,3** | **0,1** | **0,1** | **0,1** | **0,1** | **-0,2** | **-0,3** |
| **Heildartekjur % af VLF Total revenue % of GDP** | **14,3** | **3,6** | **3,7** | **3,5** | **3,6** | **3,6** | **3,6** | **3,4** |
| **Heildargjöld % af VLF Total expenditure % of GDP** | **13,7** | **3,3** | **3,5** | **3,4** | **3,5** | **3,5** | **3,8** | **3,7** |

**Tafla 8. Tekjur og gjöld almannatrygginga eftir ársfjórðungum 2007–2008**
*Table 8. Quarterly Social Security Funds Revenue and Expenditure 2007–2008*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna *Billion ISK at current prices* | 2007 | | | | | 2008 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls | Ársfjórðungar *Quarters* | | | | | | |
| | *Total* | I | II | III | IV | I | II | III |
| **1 Heildartekjur *Total revenue*** | **103,3** | **24,7** | **24,7** | **25,8** | **28,1** | **25,6** | **28,8** | **33,9** |
| 11 Skatttekjur *Taxes* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 111 Skattar á tekjur *Taxes on revenue* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 112 Skattar á laun *Taxes on payroll* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 113 Eignarskattar *Property taxes* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu *Taxes on goods and services* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti *Taxes on international trade* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 116 Aðrir skattar *Other taxes* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 12 Tryggingagjöld *Social contributions* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 13 Fjárframlög *Grants* | 101,2 | 24,2 | 24,1 | 25,3 | 27,6 | 25,1 | 28,3 | 33,4 |
| 14 Aðrar tekjur *Other revenue* | 2,1 | 0,5 | 0,5 | 0,5 | 0,5 | 0,5 | 0,5 | 0,5 |
| **2 Heildarútgjöld *Total expenditure*** | **92,0** | **22,9** | **23,2** | **23,1** | **23,5** | **24,0** | **26,2** | **31,2** |
| 21 Laun *Wages* | 13,5 | 3,2 | 3,5 | 3,3 | 3,5 | 3,5 | 3,6 | 3,6 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu *Use of goods and services* | 21,9 | 4,8 | 5,8 | 5,4 | 5,9 | 5,3 | 6,0 | 6,0 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 24 Vaxtagjöld *Interest* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 25 Framleiðslustyrkir *Subsidies* | 0,2 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 |
| 26 Fjárframlög *Grants* | 0,1 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 27 Félaglegar tilfærslur til heimila *Social benefits* | 55,8 | 13,7 | 13,7 | 14,4 | 14,1 | 15,0 | 16,4 | 21,4 |
| 28 Önnur útgjöld *Other expenditure* | 0,3 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 |
| 31 Fjárfesting *Net acquisition of nonfinancial assets* | 0,1 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| **Tekjujöfnuður (1-2) *Net lending / borrowing (NLB)*** | **11,3** | **1,8** | **1,5** | **2,8** | **4,7** | **1,6** | **2,6** | **2,6** |
| **Tekjujöfnuður % af tekjum *NLB % of total revenue*** | **11,0** | **7,1** | **6,0** | **10,7** | **16,6** | **6,3** | **9,2** | **7,8** |
| **Tekjujöfnuður % af VLF *NLB % of GDP*** | **0,9** | **0,1** | **0,1** | **0,2** | **0,4** | **0,1** | **0,2** | **0,2** |
| **Heildartekjur % af VLF Total revenue % of GDP** | **8,0** | **1,9** | **1,9** | **2,0** | **2,2** | **1,9** | **2,1** | **2,5** |
| **Heildargjöld % af VLF Total expenditure % of GDP** | **7,1** | **1,8** | **1,8** | **1,8** | **1,8** | **1,8** | **1,9** | **2,3** |

Hagtíðindi
Statistical Series
93. árgangur nr. 70
ISSN 0019-1078

Þjóðhagsreikningar
*National accounts*
2008:14
ISSN 1670-4657 (pappír *paper*) • ISSN 1670-4665 (pdf)
Verð ISK 500 *Price EUR 7*
Umsjón *Supervision* Jóhann Rúnar Björgvinsson • johann.bjorgvinsson@hagstofa.is
Sími *Telephone* +(354) 528 1000
Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099
© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland
Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*
www.hagstofa.is/hagtidindi *www.statice.is/series*